Fullgild rafræn undirskrift
RANNVEIG EINARSDÓTTIR
2026-10-19 11:48:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2026
VEL26070073

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Vísað er til máls nr. S-194/2026 sem birt hefur verið á samráðsgátt stjórnvalda og varðar drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Reykjavíkurborg styður markmið frumvarpsdraganna um að efla réttindi fatlaðs fólks og auka samræmi í þjónustu. Reykjavíkurborg telur þó að frekari greining þurfi að liggja fyrir áður en frumvarpið verður samþykkt, einkum varðandi áhrif á sveitarfélög og þá sér í lagi á kostnað, stjórnsýslu og framkvæmd. Þá vekur það athygli Reykjavíkurborgar að hvorki hafi verið tekið tillit til athugasemda í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 hvað varðar V. kafla laganna um atvinnumál né til athugasemda varðandi 11. gr. laganna um notendastýrða persónulega aðstoð.

Kostnaðarmat og fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á sveitarfélög.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að áður en frumvarpið verður að lögum fari fram ítarlegt og heildstætt mat á fjárhagslegum áhrifum þeirra breytinga sem lagðar eru til, í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í mati á áhrifum lagasetningar sem fylgdi með frumvarpinu kemur fram að fyrirhugaðar breytingar muni leiða til tekjufalls þeirra sveitarfélaga sem hafa innheimt gjald fyrir frístundaþjónustu þessa hóps. Gjaldtakan hefur þó aðeins staðið undir hluta af kostnaði við veitingu þjónustunnar og samkvæmt gögnum frá sveitarfélögum má ætla að hún hafi í heildina numið 110 til 130 m.kr. á landsvísu árið 2024 til 2025. Reykjavíkurborg telur að ekki hafi verið framkvæmt fullnægjandi mat á kostnaðaráhrifum fyrir sveitarfélög. Í drögum að frumvarpinu er kveðið á um nýjar eða skýrari skyldur sveitarfélaga, meðal annars varðandi staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa (hér eftir SIS-mat), stuðningsáætlanir, húsnæðismat, upplýsingaskráningu, notendasamráð og þjónustu við börn og ungmenni. Ljóst er að nýjar skráningar- og upplýsingaskyldur krefjast mats á upplýsingakerfum og stjórnsýslukostnaði hjá sveitarfélögum sem taka þarf tillit til í kostnaðarmati. Reykjavíkurborg telur að sérstaklega þurfi að kostnaðarmeta áhrif breytinganna á skyldur sveitarfélaga vegna húsnæðis- og búsetuþjónustu, aukinna réttinda fatlaðra barna til þjónustu á heimilum sínum og í nærumhverfi, breytinga á frístundaþjónustu, innleiðingar samræmds mats á stuðningsþörfum, gerðar stuðningsáætlana og aukinna krafna um skráningu, upplýsingamiðlun og eftirlit.

Jafnframt þarf að meta sérstaklega fjárhagsleg áhrif aukins valfrelsis um búsetu, skyldu til að tryggja viðbótarrými vegna fötlunar og forgangs tiltekinna hópa við úthlutun félagslegs húsnæðis.

Reykjavíkurborg telur skylt að lögum að unnið verði og birt verði sjálfstætt kostnaðarmat um áhrif áformaðra lagabreytinga á sveitarfélög, auk þess að horft verði til raunverulegra rekstrarforsendna sveitarfélaga, þar á meðal mannaflaþarfar, húsnæðiskostnaðar, fjárfestinga, stjórnsýslu og mögulegra áhrif á samrekstur og hagkvæmni þjónustunnar, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Jafnframt, að ef sú greining leiði í ljós kostnaðarauka fyrir sveitarfélög, verði þeim kostnaði mætt með nýjum tekjustofnum. Þá telur borgin nauðsynlegt að skýrt verði hvernig fjármögnun nýrra eða aukinna lögbundinna verkefna sveitarfélaga verði tryggð og hvernig kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði háttað.

Með hliðsjón af 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands verður að meta áhrif á fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga og raunhæft svigrúm til að forgangsraða lögbundnum verkefnum þegar ríkið leggur nýjar og/eða auknar lögbundnar skyldur á sveitarfélög. Þá telur Reykjavíkurborg jafnframt rétt að fjalla sérstaklega um Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og samræmi frumvarpsins við þær meginreglur.

Nýlega vann velferðarsvið Reykjavíkurborgar fjárhagslegt uppgjör á framkvæmd laga nr. 38/2018 vegna ársins 2025 fyrir Jöfnunarsjóð. Í uppgjörinu kom fram að gjöld voru 24,7 ma.kr. og tekjur 17,6 ma.kr. þar af leiðir að raunkostnaður Reykjavíkurborgar við málaflokkinn, að teknu tilliti til allra tekna frá Jöfnunarsjóði, var 7,1. ma.kr. árið 2025. Reykjavíkurborg telur ekki ásættanlegt að nýjar eða auknar fjárhagslegar skuldbindingar verði lagðar á sveitarfélög án þess að fyrir liggi fullnægjandi kostnaðarmat og skýr afstaða til fjármögnunar þeirra.

Athugasemdir varðandi einstök ákvæði

1. gr. frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 3. tl. komi nýr töluliður. Reykjavíkurborg leggur til að í stað orðalagsins *„Niðurstöður matsins eru lagðar til grundvallar ákvarðanatöku um þjónustu samkvæmt lögum þessum.“* komi *„Líta ber til niðurstöðu mats við ákvarðanatöku um þjónustu samkvæmt lögum þessum“.*

Lagt er til að samræmt, staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa verði skilgreint í 4. tl. 2. gr. sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Lögfesting samræmds mats á stuðningsþörf (SIS-mats) er að mati Reykjavíkurborgar mikilvæg forsenda aukins jafnræðis, gagnsæis og samræmis í stuðningi við fatlað fólk. Til þess að sú breyting nái markmiði sínu þarf þó að vera skýrt að matstækið sé grunnur að heildstæðu mati en ekki staðgengill þess. Jafnframt verður fjármögnun að fylgja raunverulegri stuðningsþörf, einnig þegar SIS-mat nær ekki að endurspegla hana með

fullnægjandi hætti. Það á sérstaklega við um einstaklinga með geðrænan vanda, vímuefnavanda eða mikinn hegðunarvanda, en í greinargerð frumvarpsins eru raktar áhyggjur sveitarfélaga af því að SIS-mat endurspegli ekki alltaf stuðningsþarfir þessara hópa.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að framangreind nálgun komi skýrt fram við framkvæmd laganna. Samkvæmt lögum nr. 38/2018 skal stuðningur taka mið af einstaklingsbundnum stuðningsþörfum, aðstæðum viðkomandi, óskum hans og öðrum atriðum sem máli skipta. Við ákvörðun um umfang stuðnings ber því að leggja til grundvallar ákvæði laganna og niðurstöðu heildstæðs einstaklingsbundins mats, en ekki niðurstöðu SIS-mats eina og sér.

Reykjavíkurborg vill jafnframt ítreka að leiði heildstætt mat í ljós meiri stuðningsþörf en SIS-mat endurspeglar verði að tryggja að hún sé kostnaðarmetin og fjármögnuð með skýrum og gagnsæjum hætti.

Þótt fjármögnun úr Jöfnunarsjóði miðist við SIS-mat leysir það sveitarfélagið ekki undan þeirri skyldu að veita stuðning samkvæmt lögum nr. 38/2018. Mismunur á niðurstöðu SIS-mats og heildstæðu mati getur því leitt til þess að kostnaður vegna lögbundinnar þjónustu falli að hluta á sveitarfélagið án samsvarandi framlags úr sjóðnum. Reykjavíkurborg telur því nauðsynlegt að í lögum eða reglugerð verði kveðið skýrt á um hvernig slíkur mismunur skuli kostnaðarmetinn og fjármagnaður.

2. gr. frumvarpsins

Reykjavíkurborg telur að taka eigi út setninguna „*og birta hana sem lið í þeirri ákvörðun sem tekin er*“ í 6. mgr. 3. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ljóst er að í öllum tilvikum er tekin rökstudd afstaða til sjónarmiða notanda auk annarra gagna sem liggja fyrir og telur Reykjavíkurborg því ekki rétt að birta skuli sérstaklega afstöðu varðandi sjónarmið notanda í ákvörðun sem tekin er.

5. gr. frumvarpsins

Í fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að í 2. mgr. 9. gr. verði kveðið á um að reglur sveitarfélaga skuli tryggja réttindi fatlaðs fólks samkvæmt lögum þessu, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ákvæðum annarra mannréttindasamninga um friðhelgi einkalífs og heimilis. Þá skulu reglurnar tiltaka að viðbótarrými sem nauðsynlegt er vegna fötlunar sé á ábyrgð þjónustuaðila. Reykjavíkurborg gerir athugasemdir við framangreint þar sem kveðið er sérstaklega á um hvað skuli koma fram í reglum sveitarfélaga. Reykjavíkurborg telur ekki rétt að kveðið sé sérstaklega á um það í lögum hvaða ákvæði skuli vera í reglum sveitarfélaga. Slík lagasetning hefur ekki tíðkast auk þess sem ber að líta til sjálfstjórnar sveitarfélaga þegar kemur að setningu reglna.

Í greinargerð með drögum að frumvarpi kemur fram að í reglugerð skuli kveðið á um samræmt mat á þörf fyrir húsnæði og tengda þjónustu á landsvísu og um vægi þeirra

sjónarmiða sem ráða forgangsröðun þegar fatlaður einstaklingur sækir um félagslegt íbúðarhúsnæði. Brýnt er að tryggja betra samræmi í framkvæmd milli sveitarfélaga, meðal annars hvað varðar biðlista og uppbyggingu úrræða.

Að mati Reykjavíkurborgar er jákvætt að stefna að því að tryggja jafnræði í þjónustu við fatlað fólk á landsvísu en ljóst er að sveitarfélög verða að stýra slíkri vinnu. Forgangur ákveðinna hópa á biðlistum krefst mats á áhrifum á aðra umsækjendur og húsnæðisúthlutun. Um er að ræða mjög matskenndar ákvarðanir og brýnt er að sú þekking sem fyrir hendi er hjá sveitarfélögum verði nýtt í þessu sambandi.

Lagt er til að í 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 verði kveðið á um að einstaklingar sem gert hefur verið að sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli dómsúrlausnar njóti forgangs á biðlistum sveitarfélaga. Þessi tillaga helst í hendur við nýsamþykkt lög um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn nr. 76/2026. Nýju ákvæði þess efnis í lögum nr. 38/2018 væri ætlað að tryggja fötluðum einstaklingum, sem sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn, forgang við úthlutun á áfangaheimilum, sjálfstæðri búsetu með stuðningi og íbúðakjörnum.

Af hálfu Reykjavíkurborgar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við framangreint ákvæði. Í 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands kemur fram að sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Með 78. gr. stjórnarskrárinnar er sveitarfélögum tryggt sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttur, sbr. og ákvæði 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ákveðinn rammi er settur með lögum nr. 38/2018 varðandi veitingu þjónustu við fatlað fólk. Það er með hliðsjón af þeirri sjálfstjórn sem sveitarfélögum er veitt að þau setja sér sínar eigin reglur um rétt íbúa á grundvelli laganna, þ.á.m. um umfang og útfærslu þjónustu við fatlað fólk hvað varðar húsnæðismál. Lögunum er því einungis ætlað að tryggja rétt fólks en ekki skilgreina hann enda er það verkefni hvers sveitarfélags fyrir sig.

Á grundvelli laganna setja sveitarfélög reglur um félagslegt leiguhúsnæði, þ.m.t. um leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk og þurfa einstaklingar að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að unnt verði að samþykkja umsókn þeirra á biðlista. Sveitarfélögum er skylt samkvæmt 8. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, með síðari breytingum, að vinna áætlun um útvegun viðeigandi húsnæðisúrræðis þegar viðkomandi er tilkynnt um að hann sé kominn á biðlista. Þar skal koma fram hvort og þá hvers konar annað úrræði standi umsækjanda til boða á biðtíma. Gerð slíkra áætlana er grundvöllur fyrir áætlanagerð sveitarfélaga og því afar mikilvægt að sveitarfélög geti byggt á reglum sem settar eru af hálfu sveitarfélagsins.

Framangreindar lagagreinar eru almenns eðlis og er sveitarfélögum falið að útfæra þær nánar. Því er ljóst að framangreindar breytingar samræmast ekki eðli og tilgangi laganna enda er með slíkum áformum gengið inn á stjórnarskrárvarða sjálfstjórn sveitarfélaga.

Í athugasemdum við framlögð drög að frumvarpi um breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir er vísað til nýsamþykktra laga um

framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn en af hálfu Reykjavíkurborgar var meðal annars gerð eftirfarandi athugasemd við frumvarp til laganna:

> *Í samskiptum ríkisins við Reykjavíkurborg hefur ítrekað komið fram að lagt sé til að einstaklingar sem sæta öryggisráðstöfun njóti ákveðins forgangs hvað varðar úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis umfram aðra einstaklinga þegar öryggisráðstöfun lýkur. Að mati Reykjavíkurborgar ber við úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis að fara fram skyldubundið mat á aðstæðum umsækjenda út frá reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Því er ekki unnt að tryggja þessum hópi einstaklinga forgang við úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis umfram aðra umsækjendur.*
>
> *Aukinheldur skortir rökstuðning fyrir þessari tillögðu breytingu. Sem dæmi vantar að færa rök fyrir því að fatlað fólk í þessari stöðu eigi að njóta forgangs umfram annað fatlað fólk, til að mynda einstaklinga sem dvalið hafa langdvölum á sjúkrahúsi eða í endurhæfingu. Þannig er ekki sjálfgefið að fatlað fólk sem lokið hefur öryggisráðstöfun sé í brýnni þörf fyrir húsnæði en annað fatlað fólk. Nánar tiltekið er það ekki sjálfkrafa málefnaleg ástæða fyrir forgangi að húsnæði að fatlaður einstaklingur hafi sætt öryggisráðstöfun. Þá verður ekki heldur séð hvernig þessi regla samræmist þeim áskilnaði 9. gr. reglugerðar nr. 1039/2018 sem breytti reglugerð nr. 370/2016 um að sveitarfélög skulu kveða skýrt á um það í reglum sínum hvernig samþykktum umsóknum skuli forgangsraðað eftir lengd biðtíma eftir húsnæðisúrræði. Með vísan til framangreinds verður ekki séð að umrædd tillaga samkvæmt áformum sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýsluréttar.*

Samkvæmt framansögðu er af hálfu Reykjavíkurborgar lagst gegn fyrirhugaðri breytingu á 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þess efnis að einstaklingar sem hlotið hafa dómsúrlausn um að sæta lögákveðnum öryggisráðstöfunum skuli njóta forgangs á biðlistum sveitarfélaga eftir húsnæði á þeirra vegum.

7. gr. frumvarpsins

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að óheimilt sé að innheimta gjald fyrir frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sem kveðið er á um í 16. gr. laganna.
Það er mat Reykjavíkurborgar að rétt sé að heimila gjaldtöku sem er sambærileg við þá almennu frístunda- og stuðningsþjónustu sem sveitarfélagið veitir börnum og ungmennum sem ekki glíma við fötlun. Slíkt ætti ekki að fela í sér mismunun en engu að síður er það ákvörðun sveitarfélagsins hvort það nýtir heimildina

Í umfjöllun í greinargerð vegna ráðgerðra breytinga hvað varðar gjaldtöku vegna frístundaþjónustu kemur fram að samkvæmt gildandi ákvæði taki þjónustan við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla sem börnum í 1.-4. bekk grunnskóla er boðið upp á. Því væri hér um að ræða frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni í 5. bekk og

til loka framhaldsskóla. Því er komið í framfæri að betur færi á því að afmörkunin kæmi fram í lagaákvæðinu sjálfu.

Reykjavíkurborg hefur þegar, á fyrri stigum, gert athugasemdir við sambærileg áform stjórnvalda. Í maí 2025 var sambærilegt bann við gjaldtöku, kynnt í samráðsgátt. Af því tilefni skilaði Reykjavíkurborg umsögn, dags. 26. maí 2025, og lagðist gegn breytingunni. Jafnframt er vísað til umsagnar Reykjavíkurborgar, dags. 14. ágúst 2026, vegna áforma um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Það var ekki síst með vísan til þess að áhrif breytinganna hefðu ekki verið kostnaðarmetin þrátt fyrir lögbundna skyldu til slíks að lagst var gegn breytingunni. Þannig væri ljóst að breytingin hefði neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir sveitarfélögin.

Í endanlegu mati á áhrifum lagasetningar er vísað til þess að áhrif þessarar breytingar hafi verið metin 110-130 m.kr. á landsvísu árið 2024/2025 fyrir sveitarfélögin. Á sama tíma er ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið muni leiða til aukins kostnaðar fyrir íslenska ríkið.

Reykjavíkurborg sendi félags- og húsnæðismálaráðuneytinu svar, dags. 22. september 2026, við erindi ráðuneytisins, vegna fyrirhugaðra áforma um að banna gjaldtöku og var bent á að áætluð áhrif þess banns fyrir Reykjavíkurborg vegna frístundastarfs á vegum skóla- og frístundasviðs fyrir börn í 5. - 10. bekk væri um 49 m. kr. m.v. kostnaðaráætlun fyrir árið 2026. Auk tekjutaps er kostnaðarauki vegna laganna tæpar 100 m.kr. í frístundaþjónustu skóla- og frístundasviðs vegna aukins þjónustustigs. Beinn kostnaður af banni við gjaldtöku Hins hússins er metinn á 25 m.kr. Nái áform stjórnvalda fram að ganga virðist því enn á ný verið að leggja auknar byrðar á Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, einhliða af hálfu ríkisins án þess að því fylgi fjárveiting. Sveitarfélögin hafa ítrekað vakið athygli á því að málaflokki fatlaðs fólks hafi ekki fylgt fullnægjandi fjármagn þegar hann var upphaflega fluttur frá ríki til sveitarfélaga og með síðari breytingum hefur ítrekað verið aukið á byrðar sveitarfélaganna án þess að fjárveitingar hafi fylgt af hálfu ríkisins.

Reykjavíkurborg hefur lagt mikinn metnað í að veita góða frístundaþjónustu til fatlaðra barna og ungmenna. Áhersla hefur verið á faglegt og vandað starf og hefur sveitarfélagið að mestu borið kostnaðinn vegna þessarar þjónustu. Almenn gjaldtaka hefur aðeins staðið undir litlum hluta en hefur þrátt fyrir það verið nauðsynleg til að standa undir kostnaði við þjónustuna.

Auk framangreinds vill Reykjavíkurborg vekja athygli á því að ef gjaldtaka vegna þjónustunnar verður alfarið felld niður má jafnvel gera ráð fyrir að skráningum fjölgi umfram raunverulega nýtingu. Gjaldtaka gegnir ákveðnu stýrihlutverk hvað varðar skráningar og mætingu þátttakenda. Ef þjónustan verður gjaldfrjáls er hætta á að foreldrar og forráðamenn skrái börn og ungmenni til þátttöku alla daga vikunnar án þess að ljóst sé hvort þjónustan verði nýtt í samræmi við skráningu. Afleiðingin getur orðið sú að Reykjavíkurborg þurfi að halda úti mönnun og rekstri fyrir fleiri þátttakendur en

raunveruleg nýting gefur tilefni til, sem leiðir til aukins kostnaðar og minni fyrirsjáanleika í rekstri þjónustunnar.

Jafnframt er ástæða til að benda á að þjónusta Hins hússins við fötluð ungmenni sem stunda nám í framhaldsskóla er að verulegu leyti háð skóladagatölum framhaldsskólanna þegar kemur að lengdri viðveru. Á undanförnum árum hefur verið greinanlegur munur á milli skóla hvað varðar skipulagsdaga, námsmatsdaga, prófatímabil og upphaf jólaleyfis. Þá hefur einnig orðið vart við fjölgun slíkra daga. Á þeim dögum þegar nemendur eru ekki í skóla þarf Hitt húsið að veita lengda viðveru, sem hefur í för með sér aukinn starfsmannakostnað þar sem starfsfólk fær greitt í yfirvinnu.

Rekstrarlegar og fjárhagslegar forsendur gera Hinu húsinu ekki kleift að mæta ótakmarkaðri eftirspurn eftir lengdri viðveru á öllum þeim dögum sem einstakir framhaldsskólar hafa lokað fyrir nemendur á sérnámsbrautum. Dæmi eru um að munurinn á milli skóla geti numið allt að tveimur vikum við upphaf jólaleyfa. Slík mismunandi skóladagatöl gera það að verkum að verulega krefjandi er að halda úti samræmdri þjónustu á öllum þeim dögum sem nemendur eru utan skóla, bæði með hliðsjón af mönnun og kostnaði.

Hvað varðar sértækar félagsmiðstöðvar þá hefur starfsemin verið lokuð tíu daga á ári, á skólasetningu, í skólaslitum, þrjá starfsdaga og fimm vetrarfrísdaga, fyrir utan sumarlokanir til samræmis við það sem gildir í frístundaheimilum vegna nemenda í 1. til 4. bekk. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í fjórar vikur yfir sumartímann, fyrir utan Öskju og Heklu sem þjónusta nemendur í Klettaskóla frá 5. – 10. bekk en þar er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

Þessar lokanir eru óhjákvæmilegar til þess að starfsfólk geti undirbúið bæði vetrar- og sumarstarf en undirbúa þarf starfsemina sjálfa, starfsfólk og húsnæði. Yfir vetrartímann er lokað í vetrarfríum og þrjá starfsdaga en þeir dagar eru nýttir til fræðslu og endurmenntunar enda ekki vanþörf á þar sem að starfsmannavelta er gjarnan mjög mikil í frístundastarfi þar sem flest starfsfólk er ungt námsfólk í hlutastörfum. Það er nokkuð ljóst að ef ekki verður hægt að taka starfsdaga eða loka þessa örfáu daga sem um ræðir verður nær ómögulegt að halda uppi faglegu starfi nema með stórkostlegum kostnaðarauka vegna starfsdaga um helgar og utan almenns vinnutíma. Einnig er með öllu óljóst hvort starfsfólk fengist til slíkrar yfirvinnu. Mikill kostnaðarauki hlytist einnig af verulegri fjölgun starfsmanna á sumrin til að mæta sumarorlofi starfsmanna. Við bætist að óheimilt verður að innheimta almennt gjald vegna frístundaþjónustu frá 5. bekk.

Því er komið á framfæri af hálfu Reykjavíkurborgar að nauðsynlegt er að fjármagn fylgi frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu vegna ráðgerðra breytinga sem áhrif hafa á fjárhag sveitarfélagsins.

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að unnið sé að því í samstarfi við heilbrigðisráðuneyti, að skýra og skilgreina verka- og ábyrgðarskiptingu heilbrigðis-kerfisins og félagslega kerfisins þegar notendur eru í þörf fyrir umfangsmikla þjónustu. Niðurstaða þeirrar vinnu kann að krefjast lagabreytinga, meðal annars hvað varðar stofnun miðlægrar matsnefndar. Tillaga um stofnun slíkrar nefndar, þ.e. sérfræðiteymis sem metur þjónustuþarfir fatlaðs fólks sem hefur mikla þörf fyrir bæði heilbrigðis- og félagsþjónustu, hefur áður komið fram í Áfangaskýrslu II, bls. 46, og skýrslu starfshóps um yngra fólk á hjúkrunarheimilum frá júní 2024, bls. 33.

Í frumvarpinu eru lagðar auknar skyldur á sveitarfélög m.a. um skráningar, upplýsingagjöf, stuðningsáætlanir, húsnæðismál, framkvæmd SIS mats og aukið eftirlit. Fyrir liggur kostnaðarmat vegna afnáms gjaldtöku í frístundaþjónustu, sem áætlað er að kosti um 174 m.kr. ári. Hins vegar liggur ekki fyrir heildstætt mat á fjárhagslegum áhrifum annarra ákvæða frumvarpsins á rekstur, stjórnsýslu, húsnæðisuppbyggingu og fjárfestingaþörf til lengri tíma.

Málaflokkur þjónustu við fatlað fólk er nú þegar verulega kostnaðarsamur og ber Reykjavíkurborg umtalsverðan nettó kostnað af þjónustunni þrátt fyrir framlög úr Jöfnunarsjóði. Allar lagabreytingar sem auka þjónustuskyldur og lögbundnar skuldbindingar án samsvarandi fjármögnunar fela í sér aukið álag á rekstur sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að fram fari heildstætt kostnaðarmat á áhrifum frumvarpsins í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga og að tryggt verði að fjármögnun nýrra og aukinna lögbundinna verkefna fylgi með. Jafnframt þarf að liggja skýrt fyrir hvernig kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði háttað.

Reykjavíkurborg lýsir sig reiðubúna til áframhaldandi samvinnu á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst,

f.h. Reykjavíkurborgar,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs